

17. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 20. janúar 2023 á fjarfundi.

Mætt eru: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GPÞ), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur G. Sigurbergsson (GGS), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Málfríður Sigurhansdóttir (MS), Gissur Jónsson (GJ), Lárus B. Lárusson (LBL), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ), Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ, Einar Þ. Eyjólfsson (EÞE) fjármálastjóri UMFÍ, Embla Líf Hallsdóttir (ELH) og Kolbeinn Þorsteinsson (KÞ), fulltrúar ungmennaráðs.

Formaður setti fund kl. 16:00

1. Útgáfu- og kynningarmál

- Birtingaráætlun 2023
 - Gert er ráð fyrir því að gefa út þrjú tölublöð af Skinfaxa á árinu, göngubók og blöð í tengslum við Landsmót 50+ og ULM.
- Kynning á tillögum til stjórnar varðandi fjármögnun nokkurra þátta í útgáfu- og kynningarmálum.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi og ritstjóri Skinfaxa, sat fundinn undir lið 1 og 2.

2. LUF

- Minnisblað frá LEX Lögmannsstofu varðandi auðkennið Landssamband Ungmennafélaga. Framkvæmdastjóra falið að koma með tillögur á næsta stjórnarfund.

3. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra og fjármálastjóra

- AIP og EÞE greindu frá starfseminni frá síðasta stjórnarfundum.
 - Skrifstofan flytur í nýjar höfuðstöðvar á Engjavegi 6 á næstu dögum.
 - Breytingar í starfsmannamálum.
 - Upplýsingar um samskipti varðandi Þrastaskóg og Þrastalund.

4. Fundargerðir stjórna og nefnda lagðar fram til kynningar

- 20. fundargerð Framkvæmdastjórnar.
- 10. – 12. fundargerðir Ungmennabúðanefndar.
 - Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að ræða við fulltrúa Bláskógabyggðar um framkvæmdir við Ungmennabúðirnar á Laugarvatni.

- 12. fundargerð Ungmennaráðs.
- 7. fundargerð Útgáfu- og kynningarnefndar.

GGs og KP viku af fundi kl. 17:30

5. Erindi frá nefndum

- Tillaga frá framkvæmdastjórn um breytingu á erindisbréfum, þess efnis að starfsfólk nefnda sé ekki tilgreint á erindisbréfi, heldur sé framkvæmdastjóra falið að tryggja að hver nefnd hafi a.m.k. einn starfsmann. Samþykkt samhljóða.

6. Fjármál

- Fyrstu drög að ársuppgjöri 2022 lögð fram til kynningar
- Gjaldfærsla 2022 – fyrirleggjandi tillaga þjónustumiðstöðvar, að upphæð 15 milljónir króna, samþykkt samhljóða.

LBL vék af fundi kl. 18:03

- Ávöxtun á söluandvirði Sigtúns 42 – lagt fram til kynningar.

7. Erindi frá UMSK

- UMSK sendi inn erindi til að kanna hvort möguleiki væri á því að UMSK gæti fengið leigða aðstöðu fyrir starfsmann sinn á nýrri skrifstofu UMFÍ við Engjaveg.
 - Stjórn þakkar fyrir erindið. Stjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu að þessu sinni og felur framkvæmdastjóra að svara því í samræmi við umræður á fundinum.

8. Mótahald 2022

- Styrkveitingar frá stjórnvöldum til HSK vegna Covid. UMFÍ fagnar því að HSK hafi fengið styrk vegna viðburða sem ekki gátu farið fram.

9. Tilnefningar í ráð og starfshópa

- Bakvarðarsveit um samstarfsverkefni ÍF, ÍSÍ og UMFÍ „Brúum bilið“
Framkvæmdastjórn leggur til við stjórn að gengið verði frá samningi við ÍF um verkefnið og framkvæmdastjóra falið að tilnefna starfsmann UMFÍ í bakvarðasveit verkefnisins. Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjórnar samhljóða.

10. Önnur mál

- Stefnt að því að Vorfundur UMFÍ verði 14. - 15. apríl, þar sem áður ákveðin tímasetning rekst á við Íþróttahing ÍSÍ.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt í lok fundar

*Fundi slitið kl. 18:40
SÓJ ritaði fundargerð*